

Skýrsla prófstjóra – 2011 haust og 2012 vor

2011 haust

Að vanda samdi Þórarinn Ingólfsson próftöfluna. Prófatíminn var frá 1. desember til 13. desember. Undirbúningur fyrir prófin hófst 15. nóvember. Gögn fóru í stofurnar 30. nóvember. Lögð voru 2.622 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði (598 nemendur - í þremur stokkum) og í stærsta stærðfræðistokknum voru 459 nemendur. Ljóst er að nemendur sleppa síst við próf í stærðfræði. Önnur fjölmennasta greinin var íslenska með heildarfjöldann 547 nemendur í þremur stokkum. Fæstir nemendur voru í prófum í framhaldsáföngunum í iðntekningu – TEH203 (3 nem.) og TEH303 (5. nem.) í uppskrapi í SAG303 (2 nem.) og SAG323 (3 nem.).

15 próf voru lesin inn fyrir 14 nemendur. Hjóðskrárnar voru settar í tölvur sem staðsettar voru í öllum tilfellum í stofu 208 en vegna fjölda nemenda í ensku þurfti einnig að nota stofu 205. Að venju hafði Helgi Hermannsson yfirumsjón með þessum málum og var aðstoð hans ómetanleg. 5 nemendur tóku próf með aðstoð og/eða á tölvu og 2 af þeim voru með sérstakan yfirseta. 32 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Enginn nemandi fór fram á að taka prófin í heimabyggð.

Magn yfirsetu hjá kennurum var reiknað út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar áttu að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa en helgin fyrir síðasta prófdag gerði skipulagið auðveldara. Kennarar áttu að skila prófum á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00 mánudaginn 12. des., daginn fyrir sjúkraprófsdag. Flest prófanna voru komin þangað á réttum tíma. Þann 13. des. kl. 8:30 hófust sjúkraprófin almennt, nema sjúkrapróf í grunnteikningu og stafsetningu sem byrjuðu kl. 10:30. 84 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 13 nemendur tóku tvö, í flestum tilfellum hvort á eftir öðru, nema ef um sjúkrapróf í grunnteikningu (2 nem.) og stafsetningu (2 nem.) var að ræða. 10 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Einn nemandi fór í endurtektarpróf kl. 8:30 miðvikudaginn 14. des. og annar kl. 15:00 fimmtudaginn 15. des.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar voru líka hengdir upp og settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

Próf voru send í 7 grunnskóla á Suðurlandi vegna nemenda sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum í þessum skólum. Nemendurnir voru 48 í eftirtöldum skólum: Grunnskóli Bláskógabyggðar, Flóaskóli, Grunnskólinn í Hveragerði, Hvolsskóli, Kirkjubæjarskóli, Sunnulækjarskóli og Grunnskólinn í Þorlákshöfn. Nemendur skiptust á eftirfarandi hátt í áfanga:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	21
ENS103	30
ENS303	1
STÆ103	12

Einn grunnskólanemi tók sjúkrapróf vegna veikinda.

2012 vor

Próftaflan var samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 30. apríl til 11. maí. Undirbúningur fyrir prófin hófst 14. apríl. Gögnin fóru í stofurnar föstudaginn 27. apríl og prófin hófust kl. 8:30 þann 30. Lögð voru 2.301 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum var mestur í stærðfræði (498 nemendur í fjórum stökkum) og íslensku (401 nemandi í þremur stökkum). Fæstir voru nemendur í prófum í TEH303 (4 nem.), RAM203 (6 nem.) og TEH303 (6 nem.). Í uppskrapi í EFN203 voru 5 nem., í EFN313 7 nem., JAR103 8 nem., LÍF203 7 nem. og SAG303 4 nem.

23 próf voru lesin inn fyrir 12 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. 7 nemendur tóku próf með aðstoð og/eða á tölvu og 1 af þeim var með sérstakan yfirseta. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. 28 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. 2 nemendur tóku próf í heimabyggð, annar eitt próf og hinn tvö.

Sami máti varð hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með einni yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um. Endurraðað var í stofur í þremur stökkum og sluppu því nokkrir yfirsetar við yfirsetu þar sem hægt var að tæma stofu eða stofur í hvert skipti.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig. Rétt eintök prófa áttu að vera komin á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00, fimmtudaginn 10. maí. Prófin hófust kl. 8:30 þann 11. maí og setti það allt skipulag í kringum þau í mjög þröngar skorður. Öll voru þau komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 84 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 8 nemendur tóku tvö. Í fyrsta sinn reyndist nauðsynlegt að hafa sjúkrapróf í stofu 208 (séradstæður – fámenni/tölva) – einn nemandi var einn í stofu með sérstakan yfirseta. 10 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Flestir þeirra, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru. Sjúkrapróf í grunnteikningu og stafsetningu voru kl. 13:00 vegna nemenda sem einnig voru í prófi kl. 8:30. 7 nemendur fóru í endurtektarpróf – 4 á sjúkraprófsdag og 3 mánudaginn 14. maí.

Eins og áður dreifði prófstjóri sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags. Stofumiðar höfðu verið hengdir upp og settir í stofurnar daginn áður.

Próf voru send í 7 grunnskóla á Suðurlandi. Í þetta sinn voru nemendurnir 50 í eftirtöldum skólum: Grunnskóli Bláskógabyggðar, Flóaskóli, Grunnskólinn í Hveragerði, Hvolsskóli, Kirkjubæjarskóli, Sunnulækjarskóli og Grunnskólinn í Þorlákshöfn. Einn nemandi stundaði nám í ÍSL103 (lokaprófslausum áfanga) í Laugalandsskóla í Holtum. Nemendurnir skiptust á eftirfarandi hátt í áfanga:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	2
DAN203	13
ENS103	10
ENS203	24
ÍSL103	1
SPÆ303	1
STÆ103	6
STÆ203	7

Þrjú grunnskólanemar tóku sjúkrapróf vegna veikinda. 5 nemendur hófu nám en hættu á önninni.

Selfossi, 7. júní 2012

Ragnheiður Ísaksdóttir